

voru komnir hátt, hljóðuðu þeir upp yfir sig og báðu alla að horfa á sig. Þeim fanst, að þeir væru orðnir miklir menn.

Ekki þótti trénu það neitt við drengina, þó þeir klifraðu upp eftir því. Þeir fóru sér svo hægt og gætilega, til þess þeir brytu ekki neina greinina; því þeim þótti vænt um birkitréd. Og það fann það. Þess vegna ruggaði það sér með drengina svo notalega. En þá hlógu þeir. Og því meir, sem það vaggði sér, því meir hlógu þeir og sungu: hí-hæ! hí-hó! Og litlu stúlkurnar niðri fyrir horfðu og dádust að drengjunum. Þeim fanst, að þeir myndu vera einhverjir mestu mennirnir í heiminum, þar sem þeir hefðu hug til þess að fara svona hátt — nærri því upp í himininn, og í tilbót að vagga sér og hlægja og syngja, eins og þetta væri ekki neitt. Það vantaði ekki mikið á, að þeir væru eins miklir og hann pabbi þeirra. Og svo hlógu þær og æptu.

En því meir sem börnin hlógu og sungu og æptu, því meir var trénu skemmt. Og börnunum fanst það vera með sér í öllum leikjunum sínum. Þess vegna þótti þeim líka svo vænt um tréd og svo gaman að vera hjá því.

Á morgnana, þegar alt var hljótt og börnin sváfu, kom sólin og gægðist yfir klettinn, sem var spöl-korn frá trénu, og kysti það góðan daginn. Þá komu líka litlu fuglarnir og settust í það og sungu morgunsönginn sinn.

„Guð er góður“—hugsaði tréd með sér,—„hann, sem hefur látið mig vaxa hérna í láginni minni. Öllum þykir vænt um mig, og mér þykir vænt um alla. Ó, hvað það er gaman að lifa!“

Lítinn spöl frá birkitrénu stóðu önnur tré. Þau stóðu hærra. Og einn dag tók birkitréd eftir því. Það hafði aldrei gáð að því áður. Þá fór það að finna til þess, að láginn þess var svo lág. Og nú var hún ekki lengur eins falleg og hún hafði verið. Ekki heldur lengur eins gaman að horfa á börnin leika sér í láginni. Morgun-koss sólarinnar ekki lengur eins hlýr. Og nú var svo lítið við morgun-söng litlu fuglanna.

„Því þarf eg einlægt að standa hérna í láginni þeirri arna?“ —spurði björkin sjálfa sig. Það var kominn ólund í hana. — „Því má eg ekki standa eins hátt og hin trén? Ljóta, kræklótta eikartréd þarna—hvað hefur það til síns ágætis fram yfir mig?“ Og björkin leit niður á sig, og henni fanst að það væri þó munur á sér og eikinni.

Nú ætla hún sér ekki að vera þarna lengur. Hún var búin að vera nógu lengi í láginni. Það væri ekki til neins að reyna að halda henni kyrrri eða að telja henni trú um, að það væri ekki